



# Handbók nýnema

2019–2020





# Efnisyfirlit

---

VELKOMIN Í HÁSKÓLA ÍSLANDS .....	5
AÐ HEFJA NÁM VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS .....	7
HÁSKÓLATORG OG ÞJÓNUSTUBORÐ .....	8
GÁTLISTI NÝNEMANS .....	9
UGLAN OG HÁSKÓLANETIÐ .....	10
TÖLVU- OG NETÞJÓNUSTA .....	11
MARGVÍSLEG ÞJÓNUSTA VIÐ NEMENDUR .....	12
STÚDENTAKORT .....	15
FRÆÐASVIÐ OG DEILDIR .....	16
NÁMSAÐSTAÐA, BÓKASÖFN OG TUNGUMÁL .....	18
JAFNRÉTTI .....	20
NEMENDASKRÁ OG KENNSLUSKRÁ .....	21
NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF HÁSKÓLA ÍSLANDS .....	22
NÁMSDVÖL ERLENDIS .....	23
FÉLAGSLÍF OG AÐFÆRING .....	24
STYRKIR OG SJÓÐIR .....	26
KENNSLUALMANAK .....	28
NÁMSEININGAR OG PRÓFGRÁÐUR .....	30
SKRÁNING Í NÁMSKEIÐ OG PRÓF .....	31
BYGGINGAR HÁSKÓLA ÍSLANDS .....	32
HAFÐU SAMBAND .....	35



# Velkomin í Háskóla Íslands

---

Kæri nýnemi.

Það markar tímamót í lífi allra að skrá sig í háskóla í fyrsta sinn. Háskólanám er krefjandi og kallar á sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði nemenda. Meginhlutverk háskóla er að stuðla að skilningi stúdenta á margflóknum veruleika, þroska rök-hugsun og auðga heimsmynd þeirra. Þetta hlutverk tekur Háskóli Íslands alvarlega og leggur metnað í að taka vel á móti stúdentum og tryggja þeim trausta og góða menntun.

Háskóli Íslands er í senn íslenskur og alþjóðlegur háskóli og leggur áherslu á að skapa ungu fólki tækifæri, heima sem að heiman. Hann er í fararbroddi íslenskra háskóla ásamt því að vera hluti af hinu alþjóðlega háskólasamfélagi. Orðspor skólans hefur leitt til samstarfssamninga víða um lönd sem veita nemendum spennandi tækifæri til að taka hluta af námi sínu við erlenda háskóla í fremstu röð. Jafnframt stunda nú hátt í 1.400 erlendir nemendur frá tæplega 90 löndum nám við Háskóla Íslands.

Háskóli Íslands hefur undanfarin átta ár verið í hópi 300 bestu háskóla heims samkvæmt matslista Times Higher Education World University Rankings. Skólinn raðast nú í 251.–300. sæti í heiminum og 18.–21. sæti meðal háskóla á Norðurlöndum. Þetta er glæsileg viðurkenning á starfi skólans og samstarfsaðila hans.

Við gerum miklar kröfur til sjálfra okkar, kennara, stjórnenda og annars starfsfólks. Við gerum einnig miklar kröfur til nemenda okkar því við viljum tryggja að prófgráða frá Háskóla Íslands sé gæðastimpill sem nýtur trausts um allan heim. Þetta markmið háskólans verður styrkur þinn í framtíðinni.

Í þessum bæklingi má finna gagnlegar upplýsingar um háskólasamfélagið, starfsemi þess og margvíslega þjónustu og möguleika sem stúdentum við Háskóla Íslands standa til boða.

Ég býð þig og aðra nýnema innlega velkomna í Háskóla Íslands.

*Jón Atli Benediktsson,  
rektor Háskóla Íslands*





## Að hefja nám við Háskóla Íslands

---

Upphaf háskólanáms markar tímamót og vekur margar spurningar. Einhverjum þeirra verður svarað í þessum bæklingi. Við hvetjum þig til þess að kynna þér sem best innihald hans svo að dvölin í Háskóla Íslands verði sem ánægjulegust frá upphafi. Hikaðu ekki við að leita frekari svara og ráðgjafar hjá starfsfólki skólans.

Á [hi.is](https://hi.is) getur þú fundið svör við flestu því sem lýtur að námi, þjónustu og félagslífi, ýmist á síðum fræðasviða eða deilda, á ytri vef eða á innri vef skólans, Uglunni. Á nýnemasíðunni [hi.is/nynemar](https://hi.is/nynemar) er að finna enn frekari upplýsingar fyrir nýja nemendur.

Viljir þú fá nánari upplýsingar eða ráðgjöf getur þú snúið þér til starfsfólks fræðasviða og deilda, þjónustuborðs, Nemendaskrár eða Náms- og starfsráðgjafar. Starfsmenn Stúdentaráðs, Félagsstofnunar stúdenta og Skrifstofu alþjóðasamskipta eru einnig til þjónustu reiðubúinir. Samnemendur þínir hjálpa þér líka án efa eftir fremsta megni.

Við vonum að þú njóttir verunnar í Háskóla Íslands til hins ítrasta og nýtir þér þau tækifæri sem hér bjóðast.

# Háskólatorg og Þjónustuborð

Háskólatorg hýsir allar miðlægar þjónustustofnanir fyrir nemendur: Þjónustuborðið, Skrifstofu alþjóðasamskipta, Félagsstofnun stúdenta, Stúdentaráð, Náms- og starfsráðgjöf, Nemendaskrá, tölvuþjónustu Upplýsingatæknisviðs og Matskrifstofu.

Bóksala stúdenta, Bókakaffi stúdenta, Stúdentakjallarinn og veitingastaðurinn Háma eru einnig staðsett í Háskólatorgi ásamt tölvuveri, kennslustofum, lesrými og fundarherbergjum. Á torginu sjálfu eru haldnar ýmsar skemmtilegar uppákomur og þar iðar allt af lífi frá morgni til kvölds.

## Þjónustuborð Háskólatorgi

### [hi.is/nam/thjonustubord](#)

Á þjónustuborðinu er afgreiðsla fyrir allar þjónustueiningarnar sem eru til húsa í Háskólatorgi. Þar má m.a. fá ýmis vottorð og yfirlit yfir námsferla og fá stúdentakort afhent eftir að hafa sótt um það í Uglu. Einnig er hægt að kaupa þar kort í íþróttahúsið og skrá sig í námskeið Náms- og starfsráðgjafar. Hafi nemandi ekki úthlutað sér aðgangi að Uglu sjálfur er hægt að fá aðganginn á þjónustuborðinu gegn framvísun skilríkja. Ýmis önnur þjónusta er veitt á þjónustuborðinu og geti starfsmenn þar ekki afgreitt málið þá vísa þeir því áfram rétta leið.

Afgreiðslutími þjónustuborðs er kl. 8.30–17 alla virka daga nema föstudaga, þá er lokað kl. 16.

Sumarafgreiðslutími er kl. 8.30–16.

Sími: 525 5800

[haskolatorg@hi.is](mailto:haskolatorg@hi.is)

Upplýsingatæknisvið Háskóla Íslands, UTS, er með tölvuþjónustu í Háskólatorgi og Stakkahlíð þar sem nemandur geta fengið aðstoð við ýmis tölvutengd mál. Einnig er hægt að leita svara á [uts.hi.is](https://uts.hi.is), [help@hi.is](mailto:help@hi.is) og í síma 525 4222.

Á Menntavísindasviði, Félagsvísindasviði og Verkfræði- og náttúruvísindasviði eru starfrækt þjónustuborð fyrir nemendur sviðanna. Öll fræðasvið eru að auki með nemendabjónustu fyrir sína nemendur.

Ertu með spurningu um nám og þjónustu í HÍ? Sendu okkur fyrirspurn í gegnum netfangið [haskolatorg@hi.is](mailto:haskolatorg@hi.is) eða í netspjalli á heimasíðu háskólans, [hi.is](https://hi.is).



# Gátlisti nýnemans

---

- Mættu á nýnemakynningu á þínu fræðasviði eða deild
- Kynntu þér tölvu- og netþjónustu fyrir nemendur á [uts.hi.is](https://uts.hi.is)
- Virkjaðu netfangið þitt og fáðu netaðgang
- Lestu HI tölvupóstinn þinn reglulega
- Kynntu þér námsskipulagið- og reglur um framvindu í kennsluskrá
- Nálgastu bókalista í námskeiðunum þínum
- Lærðu á Ugluna og alla hennar möguleika
- Skráðu þig í nemendafélag
- Kynntu þér þjónustueiningar HÍ
- Sæktu um Stúdentakort
- Kynntu þér LÍN (Lánasjóð íslenskra námsmanna)
- Skoðaðu kennslualmanakið
- Lærðu stundatöfluna þína
- Kaupu bækur og háskólavörur í Bóksölu stúdenta
- Skoðaðu Ípróttahúsið og kynntu þér tækjasalinn og hóptímana
- Upplifðu stemninguna í Stúdentakjallaranum
- Kynntu þér hvað Stúdentaráð getur gert fyrir þig
- Kíktu á [student.is](https://student.is)
- Kynntu þér möguleika á skiptinámi og starfsþjálfun
- Lærðu að rata um háskólasvæðið
- Borðaðu hollan mat í Hámu
- Kynntu þér sögu skólans á afmælis- og söguvefnum
- Vertu háskólaborgari
- Njóttu þín í Háskóla Íslands!

# Uglan og háskólanetið

Allir nemendur Háskóla Íslands fá úthlutað heimasvæði á háskólavefnum og aðgangi að Uglunni, innri vef Háskólans. Uglan er öflugur upplýsinga-, kennslu- og þjónustuvefur nemenda og starfsfólks og er meðal helstu verkfæra þeirra.

## ugla.hi.is

Kennarar leggja kennsluáætlanir, glærur, fyrirlestra, verkefni og ýmislegt annað inn á Ugluna og nemendur geta nálgast skjölin þar. Upplýsingar um prófstað og sæti hvers nemanda á prófdegi birtast í Uglu og stúdentar geta kallað fram stundatöflu af forsiðu sinni. Einnig má skrá sig í og úr námskeiðum og prófum í gegnum Uglu á ákveðnum tímabilum. Sjá nánar í Uglu og [kennsluskra.hi.is](https://kennsluskra.hi.is).

Kennarar og stjórnendur skólans ganga út frá því að stúdentar noti Uglu og lesi tölvupóst sinn reglulega og eru flestar tilkynningar til þeirra sendar rafrænt. Upplýsingagjöf og aðgangur hvers stúdents miðast við skráningu hans. Því er mjög mikilvægt að skráningar séu ávallt réttar og bera nemendur sjálfir ábyrgð á því.

## Notandanafn og lykilorð

Nýnemar fá úthlutað veflykli í tölvupósti þegar þeir sækja rafrænt um nám við skólann. Eftir að umsókn hefur verið samþykkt og skrásetningargjaldið er greitt má nálgast notandanafn og lykilorð að Uglu annaðhvort á [nynemar.hi.is](https://nynemar.hi.is) eða á þjónustuborðinu Háskólatorgi gegn framvísun skilríkja.”



## Tölvu- og netþjónusta UTS


### [uts.hi.is](https://uts.hi.is)

Upplýsingatæknisvið Háskóla Íslands, UTS, er umsjónaraðili tölvukerfa. Á vef UTS finnur þú gagnlegar upplýsingar og leiðbeiningar um flestallt sem varðar tölvutengd mál, svo sem um tölvupóst, tengingu við þráðlausa netið, Ugluaðgang, tölvuver, prentkvóta, notendanöfn, lykilorð, opin forrit og margt fleira.

Þráðlaust net, eduroam, er á öllu háskólasvæðinu og fylgir aðgangur að því með notandanafninu. Til að tengjast þráðlausa netinu í fyrsta skipti þarf að setja það upp í tækinu. Ítarlegar leiðbeiningar um hvernig það er gert er að finna á vef UTS, [uts.hi.is/eduroam](https://uts.hi.is/eduroam)

UTS rekur 19 tölvuver á háskólasvæðinu, þar með talin tölvuver í húsnæði skólans við Stakkahlíð og í Þjóðarborghlöðu.

Ef vandamál koma upp má hafa samband við UTS, senda póst á [help@hi.is](mailto:help@hi.is) eða hringja í 525 4222. Tölvuþjónusta UTS er staðsett í Háskólatorgi og í Stakkahlíð og er opin frá 8 til 16.



# Margvísleg **þjónusta** við nemendur

Háskóli Íslands er samfélag, í fleiri en einni merkingu, og starfsfólk skólans kappkostar að veita nemendum sem besta þjónustu. Í samstarfi við þjónustustofnanir skólans komum við til móts við þarfir nemenda um húsnæði, atvinnu, mat, barnagæslu o.fl.

## Félagsstofnun stúdenta

### fs.is

Félagsstofnun stúdenta (FS) er þjónustufyrirtæki stúdenta við Háskóla Íslands. FS rekur Bóksólu stúdenta, Bókakaffi stúdenta, Hámu, Stúdentakjallarann, Kaffistofur stúdenta, Stúdentagarða, Leikskóla stúdenta og Stúdentamiðlunina.

Sími: 5700 700 – [fs@fs.is](mailto:fs@fs.is)

## Stúdentagarðar

### studentagardar.is

Félagsstofnun stúdenta rekur Stúdentagarða. Upplýsingar og umsóknir eru á vefsíðu Stúdentagarða. Í boði eru herbergi, einstaklingsíbúðir, tvíbyli, paríbúðir og fjölskylduíbúðir af nokkrum stærðum. Íbúðir fyrir fatlaða eru í flestum húsum. Allir skráðir nemendur Háskóla Íslands geta sótt um húsnæði á gördum. Nýnemar geta sótt um frá 1. júní.

## Matsala og kaffistofur

Kaffistofur og matsölur eru víða á háskólasvæðinu. FS rekur Hámu á Háskólatorgi, í Stakkahlíð, Háskólabíói, Eirbergi, Árnagarði og Tækningarði. Þar er mikið úrval af fjölbreyttum, hollum og góðum háskólamat. FS rekur einnig Hámu Salatbar, Bókakaffi stúdenta og Stúdentakjallarann á Háskólatorgi. Stúdentakjallarinn er veitinga- og skemmtistaður stúdenta og er opinn frá morgni til kvölds alla daga vikunnar.

Minni kaffistofur eru í mörgum byggingum, flestar reknar af FS. eru þær staðsettar í Odda, Öskju og Læknagarði. Einnig eru nokkrar einkareknar veitingasölur, t.d. í Þjóðarbókhúðu, og aðrar á vegum nemendafélaga.

## Tengslatorg Háskóla Íslands

### tengslatorg.hi.is

Tengslatorg er alhlíða atvinnumiðlun fyrir nemendur Háskóla Íslands. Fyrirtæki og stofnanir geta auglýst endurgjaldslaust eftir starfskröftum á Tengslatorgi.



## Stúdentaráð Háskóla Íslands

### [student.is](http://student.is)

Stúdentaráð Háskóla Íslands starfar að hagsmuna- og félagsmálum stúdenta og er sameiginlegur málsvári þeirra innan skólans sem utan hans. Stúdentar eiga fulltrúa í öllum mikilvægum nefndum og ráðum innan skólans og taka því ríkan þátt í ákvörðunum um starfsemi skólans. Starf Stúdentaráðs er fjölþætt og þangað geta nemendur leitað varðandi fyrirgreiðslu og upplýsingar um flest sín málefni.

Stúdentaráð starfrækir réttindaskrifstofu stúdenta. Hagsmunafulltrúi stúdenta hefur yfirumsjón með réttindaskrifstofunni, svarar fyrirspurnum nema sem telja á rétti sínum brotið innan Háskólans og getur rekið mál þeirra. Á skrifstofu Stúdentaráðs á Háskólatorgi starfa forseti Stúdentaráðs, varaforseti, hagsmunafulltrúi, lánasjóðsfulltrúi, alþjóðafulltrúi, framkvæmdastjóri og ritstjóri Stúdentablaðsins.

Háskólatorg, 3. hæð – Opið virka daga kl. 9–17  
Sími 570 0850 – [shi@hi.is](mailto:shi@hi.is)

## Byggingarfélag námsmanna

### bn.is

Nemendum stendur til boða húsnæði hjá Byggingarfélagi námsmanna (BN). Upplýsingar og umsóknir eru á vefsíðu félagsins. BN rekur íbúðir á tíu stöðum á höfuðborgarsvæðinu.

## Leikskólar

### fs.is/leikskolar

Félagsstofnun stúdenta rekur Leikskóla stúdenta á háskólasvæðinu.

**Sólgarður og Leikgarður** eru fyrir börn á aldrinum sex mánaða til tveggja ára. Sótt er um á vefsíðunum [solgardur.leikskolinn.is](http://solgardur.leikskolinn.is) og [leikgardur.leikskolinn.is](http://leikgardur.leikskolinn.is).

Á **Mánagarði** eru börn á aldrinum aldrinum eins til sex ára. Sótt er um á vefsíðunni [managardur.leikskolinn.is](http://managardur.leikskolinn.is).



# Stúdentakort

---

Allir nemendur Háskóla Íslands geta sótt um stúdentakort í Uglunni og eru nýnemar hvattir til að sækja um kortið sem fyrst. Smellt er á „Uglan mín“ á forsiðu vefsins. Þar er hlekkur á stúdentakort og nákvæmar leiðbeiningar um hvernig sækja á um kortið.

Stúdentakort er auðkennis- og afsláttarkort og í umsókninni er valið hvort stúdentakortið veiti aðgang að byggingum Háskólans (hægt að velja tvær byggingar) umfram venjulegan opnunartíma (1.500 kr.) eða ekki (frítt). Þegar fyrra kortinu er skilað við námslok eru 1000 kr. endurgreiddar. Enginn útlitsmunur er á kortunum en velja verður annað hvort. Stúdentakort er endurnýjað árlega með nýjum límmiða.

Upplýsingar um þá afslætti sem fylgja kortinu er að finna á [student.is](http://student.is).

Komi upp vandamál við umsókn um stúdentakort hafðu þá samband við þjónustuborðið í Háskóla-torgi, [studentakort@hi.is](mailto:studentakort@hi.is).



# Fræðasvið og deildir

Við Háskóla Íslands eru fimm fræðasvið, 26 deildir og mörg hundruð námsleiðir. Háskólinn býður fjölbreytt nám á öllum háskólastigum, sveigjanlegar námsleiðir og fjölþætta menntun. Háskóli Íslands er eini háskóli landsins sem býður bæði grunnnám og framhaldsnám á öllum helstu fræðasviðum.

Nemendur geta fengið allar nánari upplýsingar um skipulag og fyrirkomulag námsins á vefsíðum og skrifstofum fræðasviða og deilda.

## Félagsvísindasvið

- » Félagsfræði- og mannfræði- og þjóðfræðideild.
- » Félagsráðgjafardeild
- » Hagfræðideild
- » Lagadeild
- » Stjórn málafræðideild
- » Viðskiptafræðideild

[felags.hi.is](http://felags.hi.is)

## Heilbrigðisvísindasvið

- » Hjúkrunarfræðideild
- » Lyfjafraeðideild
- » Læknadeild
- » Matvæla- og næringarfræðideild
- » Sálfræðideild
- » Tannlæknadeild

[hvs.hi.is](http://hvs.hi.is)

## Hugvísindasvið

- » Guðfræði- og trúarbragðafræðideild
- » Íslensku- og menningardeild
- » Mála- og menningardeild
- » Sagnfræði- og heimspekideild

[hug.hi.is](http://hug.hi.is)

## Menntavísindasvið

- » Deild faggreinakennslu
- » Deild heilsuefningar, íþróttar og tómstunda
- » Deild kennslu- og menntunarfræði
- » Deild menntunar og margbreytileika

[mennta.hi.is](http://mennta.hi.is)





## Verkfræði- og náttúruvísindasvið

- » Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild
- » Jarðvísindadeild
- » Líf- og umhverfisvísindadeild
- » Rafmagns- og tölvuverkfræðideild
- » Raunvísindadeild
- » Umhverfis- og byggingarverkfræðideild

[von.hi.is](http://von.hi.is)

## Þverfræðilegt nám

- » Faraldsfræði
- » Fjármál M.Fin.
- » Hagnýt tölfræði
- » Heilbrigðisvísindi
- » Iðnaðarliftækni
- » Kynfræði
- » Líftölfræði
- » Lýðheilsuvísindi, faraldsfræði og líftölfræði
- » Menntun framhaldsskólakennara
- » Norrænt meistaranám í öldrunarfræðum
- » Nýsköpun og viðskiptaþróun
- » Skattaréttur og reikningsskil
- » Talmeinafræði
- » Umhverfis- og auðlindafræði

Allar upplýsingar um nám og námsleiðir er að finna í kennsluskrá Háskóla Íslands á [kennsluskra.hi.is](http://kennsluskra.hi.is)

# Námsaðstaða, **bókasöfn** og tungumál

Í öllum byggingum Háskóla Íslands eru lesrými og aðstaða til hópavinnu er góð. Byggingar skólans eru opnar á mismunandi tímum en upplýsingar um opnunartíma þeirra eru á [hi.is](https://hi.is). Stúdentakort með aðgangi gilda sem rafræn aðgangskort að völdum byggingum skólans.

## Bókasafnsþjónusta í fremstu röð

[hi.is/nam/bokasofn\\_og\\_boksala](https://hi.is/nam/bokasofn_og_boksala)

Nemendur Háskólans hafa aðgang að fullkomnasta bókasafni landsins, Landsbókasafni – Háskólabókasafni, í Þjóðarbókhlóðu og fá bókasafnsskríteini án endurgjalds. Í Þjóðarbókhlóðu eru um 400 sæti við borð, auk fjölmargra sæta við tölvur, lesvélar og í tón- og mynddeild. Einnig eru þar hópavinnuherbergi. Að auki hafa nemendur aðgang að bókasafni Menntavísindasviðs og Heilbrigðisvísindabókasafni.

## Lesrými og tölvuver

[hi.is/nam/lesrymi\\_og\\_tolvuver](https://hi.is/nam/lesrymi_og_tolvuver)

Í Háskólartorgi og Gimli er góð lesaðstaða fyrir nemendur, auk tölvuvera. Á bókasafni Menntavísindasviðs í Stakkahlíð eru einnig lesrými og sæti við tölvur. Hægt er að panta hópavinnuherbergi í Þjóðarbókhlóðu hjá Landsbókasafni Íslands,

[landsbokasafn.is](https://landsbokasafn.is). Þöntun á kennslustofum í Háskóla Íslands fer fram í gegnum [kennslustofur@hi.is](mailto:kennslustofur@hi.is). Nánari upplýsingar um umsóknir og reglur á [hi.is/nam/lesrymi\\_og\\_tolvuver](https://hi.is/nam/lesrymi_og_tolvuver)

Einnig eru nokkur sæti ætluð nemendum í útibúum og sérsöfnum í byggingum Háskólans. Lesrými er í fjölskyldugörðum á Eggertsgötu fyrir íbúa. Opin lesrými og hópavinnuborð eru víða um háskóla-svæðið, svo sem í Odda, Gimli, Öskju og Veröld.

## Ritver í Þjóðarbókhlóðu og í Stakkahlíð

[ritver.hi.is](https://ritver.hi.is) – [ritverhug.hi.is](https://ritverhug.hi.is)

Ritver Menntavísindasviðs og Hugvísindasviðs aðstoða nemendur Háskólans við fræðileg skrif af öllu tagi í náminu, jafnt námskeiðsverkefni sem loka-verkefni. Nemendur geta leitað til ritvers á öllum stigum ritunarferlisins, allt frá söfnun hugmynda og mótun rannsóknarspurningar til skráningar heimilda og lokafrágangs. Á heimasíðum ritveranna eru margvíslegar leiðbeiningar um skrif og þar er unnt að panta tíma í 30 eða 60 mínútur.

## Tungumálamiðstöð

[hi.is/tungumalamidstod](https://hi.is/tungumalamidstod)

Tungumálamiðstöð er opin öllum nemendum sem vilja leggja stund á tungumálanám. Góð aðstaða er í boði, fjölbreytt úrval námsgagna og stuðst er við nýjustu upplýsingatækni. Nemendum



stendur til boða nám í sex tungumálum: dönsku, frönsku, ítölsku, pólsku, spænsku og þýsku og eru námskeiðin metin til eininga. Veröld – hús Vigdísar. Opíð virka daga frá 10–18. Sími 525 4593. [ems@hi.is](mailto:ems@hi.is)

## Þjónusta á Menntavísindasviði

### [menntasmidja.hi.is](http://menntasmidja.hi.is)

Í Menntasmíðju er fjölbreytt þjónusta við kennara og nemendur Menntavísindasviðs. Þar er þjónustuborð, vinnuaðstaða í opnu rými og upptökuver. Menntasmíðja hefur aðsetur á 1. hæð í Hamri við Stakkahlíð.

## Kennsluáætlun og bókalistar

Kennsluáætlun hvers námskeiðs fyrir sig birtist í Uglunni. Í kennsluáætlun er t.d. að finna þær

bækur og greinar sem liggja til grundvallar náms-efninu og upplýsingar um hvernig námsmati er háttað, þ.e. hvort það eru próf, verkefni, hvort það er mætingarskylda í námskeiðinu o.fl.

Bókalista er hægt að finna í kennsluáætlun hvers námskeiðs og á vef Bóksölu stúdenta, boksala.is. Bóksalan útvegar allar bækur sem stúdentar þurfa til náms en einnig er skiptibókamarkaður í Uglunni. Sumar deildir og nemendafélög reka bóksölu fyrir nemendur sína. Bóksala kennaranema er rekin í húsnæði Menntavísindasviðs í Stakkahlíð.

## Stundatöflur

Stundatöflur er að finna á heimasíðum allra deilda. Einnig birtist stundatafla hvers nemanda á heimasvæði hans í Uglunni.



# Jafnréttismál

---

[jafnretti.hi.is](http://jafnretti.hi.is)

Jafnrétti er eitt af þremur grunngildum í stefnu Háskóla Íslands og er grundvöllur fjölbreytni og virðingar í háskólasamfélaginu. Á vef um jafnréttismál má finna jafnréttisáætlun Háskólans og aðrar gagnlegar upplýsingar. Einnig er hægt að hafa samband við jafnréttisfulltrúa til að fá upplýsingar og ráðgjöf.

Jafnréttisdagar fara fram á hverju ári í febrúar og dagskráin er blanda af fyrirlestrum og fjölbreyttum viðburðum sem fjalla um jafnrétti í viðum skilningi.

Í Háskóla Íslands er lögð áhersla á að skapa öruggt umhverfi þar sem nemendum og starfsfólki á að líða vel. Líður í því er að hafa skýrar verklagsreglur. Fagráð Háskóla Íslands tekur við öllum kvörtunum sem tengjast kynferðislegri áreitni og kynferðislegu ofbeldi og viðbragðsteymi vegna eineltis og ofbeldis tekur við kvörtunum um slíkt.

[jafnretti@hi.is](mailto:jafnretti@hi.is)

[fagrad@hi.is](mailto:fagrad@hi.is)

[vidbragdsteymi@hi.is](mailto:vidbragdsteymi@hi.is)

[facebook.com/jafnrettisdagar](https://facebook.com/jafnrettisdagar)

# Nemendaskrá

[hi.is/nam/nemendaskra](https://hi.is/nam/nemendaskra)

Nemendaskrá hefur umsjón með umsóknum og skrásetningu nemenda til náms við allar deildir Háskólans. Nemendaskrá varðveitir einnig gögn um námsferla nemenda, námsframvindu, próf, námsleið og einkunnir.

Háskólatorg, 3. hæð

Opið virka daga kl. 9–12 og 12.30–15

Sími 525 4309

[nemskra@hi.is](mailto:nemskra@hi.is)

# Kennsluskrá

[kennsluskra.hi.is](https://kennsluskra.hi.is)

Kennsluskrá Háskóla Íslands er stúdentum afar mikilvæg, en í henni eru ítarlegar upplýsingar um námsleiðir og námskeið.

Í kennsluskránni eru jafnframt upplýsingar um fræðasvið og deildir, skólaárið, skráningu, gjöld, próf og margt fleira sem nemendur þurfa að vita.

Nemendur eru hvattir til þess að kynna sér vel lykilupplýsingar í kennsluskrá ásamt kennslu-almanaki Háskólans þar sem finna má ýmsar mikilvægar dagsetningar.



# Náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjafar veita ráðgjöf um námsval, námstækni, vinnubrögð í námi og undirbúning fyrir atvinnulífið. Þeir veita einnig ráðgjöf um ferli við skrif lokaverkefna og undirbúning fyrir þátttöku á vinnumarkaði.

Auk þess veita þeir persónulega og félagslega ráðgjöf og þjónustu varðandi sértæk úrræði í námi, s.s. vegna fötlunar, sértækra námsörðugleika, athyglisbrests, langvarandi veikinda og slysa.

## Þjónusta fyrir háskólastúdenta

[nshi.hi.is](http://nshi.hi.is)

Starfsfólk Náms- og starfsráðgjafar heldur fjölda gagnlegra námskeiða fyrir stúdenta, s.s. um náms-tækni, markmiðssetningu, tímastjórnun, sjálfstyrkingu, streitustjórnun og prófundirbúning.

Háskólastúdentar geta rætt við náms- og starfsráðgjafa í opnum viðtalstímum eða bókað viðtöl símleiðis.

Opnir viðtalstímar eru mánudaga til fimmtudaga kl. 13.00–15.30 og föstudaga kl. 10.00–12.00.

Á heimasíðu Náms- og starfsráðgjafar má finna ýmsar gagnlegar upplýsingar, meðal annars um námskeið á döfinni, efni úr fyrirlesturum, bæklinga og talglærur svo að fátt eitt sé nefnt.

Óski stúdent eftir úrræðum í námi vegna fötlunar, langvarandi veikinda eða sértækra námsörðugleika skal hann setja sig í samband við Náms- og starfsráðgjöf í upphafi skólaárs.

Sálfræðingar veita sálfræðiþjónustu í einstaklingsviðtölum og hópráðgjöf. Bóka þarf viðtal símleiðis eða á staðnum.

Háskólatorg, 3. hæð  
Opið kl. 9–12 og 13–16  
Sími: 525 4315  
[radgjof@hi.is](mailto:radgjof@hi.is)



# Námsdvöl **erlendis**

Háskóli Íslands er í samstarfi við yfir 400 háskóla út um allan heim. Í því felast einstök tækifæri fyrir nemendur til að taka hluta af náminu við erlenda háskóla, fá alþjóðlega reynslu og skapa sér sérstöðu. Nemendur fá skiptinámið metið inn í námsferil sinn við Háskóla Íslands svo dvölin hefur ekki áhrif á lengd námsins.

Skiptinám gerir nemendum kleift að stunda nám við fremstu háskóla heims á einfaldan og ódýran hátt og getur opnað dyr fyrir þá sem hyggja á framhaldsnám erlendis. Nemendur eiga einnig kost á að fara í starfsþjálfun í fyrirtækjum eða stofnunum í Evrópu og öðlast dýrmæta alþjóðalega starfsreynslu. Niðurstöður rannsóknra sýna jafnframt fram á jákvæð áhrif skiptináms og starfsþjálfunar á atvinnumöguleika ungs fólks.



## Skrifstofa alþjóðasamskipta

[hi.is/skrifstofa\\_althjodasamskipta](https://hi.is/skrifstofa_althjodasamskipta)

Skrifstofa alþjóðasamskipta veitir upplýsingar um möguleika á skiptinámi. Skrifstofan annast formleg samskipti við erlendar menntastofnanir og veitir nemendum, kennurum og deildum Háskólans margvíslega þjónustu varðandi alþjóðlegt samstarf. Þá þjónar skrifstofan einnig erlendum nemendum og starfsfólki.

Háskólatorg  
Opíð kl.10–12 og 12.30–15  
Sími: 525 4311  
[ask@hi.is](mailto:ask@hi.is)

# Félagslíf og afþreying

Þegar þú hefur nám við Háskóla Íslands verður þú ekki einungis nemandi í nýjum skóla heldur hluti af fjölbreyttu, alþjóðlegu og lifandi samfélagi. Í háskólanum er öflugt félagslíf þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

## Þjónusta í boði

### [student.is/nemendafelog](http://student.is/nemendafelog)

Fjöldmörg nemendafélög eru starfrækt við Háskóla Íslands sem standa fyrir uppákomum fyrir nemendur allt skólaárið. Mörg nemendafélög eru innan deilda skólans en einnig eru fjöldmörg félagasamtök utan deilda. Stúdentasjóður stýður við menningar- og félagsstarf í skólanum og hann veitir styrki til félaga og einstaklinga innan skólans.

## Viðburðir á vegum Stúdentaráðs

Stúdentaráð stendur fyrir stórum viðburðum ætluðum nemendum skólans. Stúdentadagar og Októberfest eru meðal þeirra.

## Viðburðir í Stúdentakjallaranum

Stúdentakjallarinn er opinn sunnudag til miðvikudags kl.11–23 og fimmtudag til laugardags kl. 11–01. Þar er fjölbreytt dagskrá viðburða og tónleika sem nemendafélög og aðrir standa fyrir.

## Samfélag nemenda á vefnum

### [student.is](http://student.is)

Student.is er virkur og lifandi vefur stúdenta þar sem finna má upplýsingar um félagslífið og háskólasamfélagið. Meistaránemar í blaða- og fréttamennsku sjá um að skrifa fréttir á vefinn um margvísleg mál sem varða stúdenta og einnig eru þar sjónvarps- og útvarpsviðtöl.

Á student.is má einnig finna ýmislegt um þjónustu við stúdenta og hagsmunamál þeirra.

## Kórastarf

### [kor.hi.is](http://kor.hi.is)

Háskólakórinn setur svip á félagslífið í Háskóla Íslands. Kórinn kemur fram við margvíslegar opinberar athafnir á vegum skólans en heldur að auki eigin tónleika og stendur að útgáfu. Við Háskóla Íslands starfar einnig Kvennakór Háskólans, sem vakið hefur verðskuldaða athygli og heldur tónleika við ýmis tækifæri.



## Leikhús og dans

### [facebook.com/studentaleikhusid](https://www.facebook.com/studentaleikhusid)

Stúdentaleikhúsið er löngu orðið þekkt í menningarlífi höfuðborgarinnar. Það er opið öllum sem hafa áhuga á leiklist og eru þeir hvattir til þess að kynna sér starfsemina.

### [haskoladansinn.is](http://haskoladansinn.is)

Háskoladansinn nefnist dansfélag háskólanema, fótfrár félagsskapur sem m.a. heldur dansnámskeið af ýmsu tagi.

## Háskólatónleikar

### [hi.is/haskolinn/haskolatonleikar](http://hi.is/haskolinn/haskolatonleikar)

Háskólatónleikar eru haldnir nokkrum sinnum á skólaárinu. Áhersla er lögð á klassíska tónlist eftir bæði innlend og erlend tónskáld. Tónleikarnir eru jafnan haldnir í hádeginu í Hátíðasal eða kapellu Aðalbyggingar og aðgangur að þeim er ókeypis.

## Opnir viðburðir

### [hi.is/vidburdir](http://hi.is/vidburdir)

Árið um kring eru fyrirlestrar, málþing, ráðstefnur og aðrir viðburðir á vegum Háskóla Íslands opnir almenningi. Um 35 þúsund gestir sækja slíka viðburði árlega og eru nemendur Háskólans sérstaklega velkomnir.

## Íþróttahús Háskólans

### [hi.is/nam/ithrottahus](http://hi.is/nam/ithrottahus)

Íþróttahúsið við Sæmundargötu er opið öllum nemendum Háskólans gegn vægu gjaldi. Þar er fullkominn tækjasalur, hóptímar af ýmsu tagi, leikfimi, þolfimi o.fl. Nemendur geta að auki pantað íþróttasalinn til eigin afnota. Stöðugt er fífað upp á nýjungum í starfsemi íþróttahússins og eru nemendur hvattir til að kynna sér það sem þar er í boði. Kort í íþróttahúsið er selt á Þjónustuborðinu Háskólatorgi.

## Stúdentablaðið

### [studentabladid.com](http://studentabladid.com)

Stúdentaráð er útgefandi Stúdentablaðsins sem kemur út reglulega yfir vetrartímann. Stúdentablaðið er metnaðarfullur fréttá-, skemmti- og upplýsingamiðill sem dreift er til allra stúdenta Háskóla Íslands. Öllum stúdentum er frjálst að skrifa í Stúdentablaðið og eru þeir hvattir til þess að leggja blaðinu lið með hvers kyns skrifum.

## Háskólabíó

### [haskolabio.is](http://haskolabio.is)

Gegn framvísun stúdentakorts fá stúdentar miða á sýningar fyrir klukkan 19 á virkum dögum á kr. 1.100 og almennan bíómiða á kr. 1.445. Gildir í Háskólabíói og Smárabíói.

# Styrkir og sjóðir

## Aðstoðarmannasjóður

### [sjodir.hi.is/adstodarmannasjodur](http://sjodir.hi.is/adstodarmannasjodur)

Markmið Aðstoðarmannasjóðs er að gera kennurum kleift að ráða sér stúdent sem aðstoðarmann við rannsóknir og/eða kennslu þannig að stúdentinn öðlist þjálfun og færni í faglegum vinnubrögðum.

## Lánasjóður Íslenskra Námsmanna

### [lin.is](http://lin.is)

Skrifstofa sjóðsins er í Höfðaborg, Borgartúni 21. Opið virka daga kl. 10–15  
Sími: 560 4000 – [lin@lin.is](mailto:lin@lin.is).

Sækja verður sérstaklega um námslán fyrir hvert aðstoðarár. Umsókn verður að hafa borist fyrir 16. nóvember vegna náms á haustmíssi, 16. apríl vegna náms á vormíssi og 16. júlí vegna náms á sumarmíssi.

Lánasjóðsfulltrúi stúdenta hefur aðsetur á skrifstofu Stúdentaráðs í Háskólatorgi. Hann veitir ráðgjöf um námslán og aðstoðar stúdenta í samskiptum þeirra við LÍN, [shi@hi.is](mailto:shi@hi.is).

## Nýsköpunarsjóður Námsmanna

Nýsköpunarsjóður námsmanna útvegar áhuga- sömum nemendum sumarvinnu við metnaðarfull og krefjandi rannsóknarverkefni. Styrkjum er úthlutað til kennara á háskólastigi, fyrirtækja, rannsóknastofnana eða einstaklinga, sem teljast hafa sérþekkingu á ákveðnu sviði, til þess að ráða stúdenta til sumarstarfa. Markmið sjóðsins er að stuðla að nýsköpun, jafnt fyrir atvinnulíf og fræðasvið.



## Greiningarsjóður fyrir nemendur með námsörðugleika

### [student.is/greinarasjodur](http://student.is/greinarasjodur)

Stúdentaráð starfrækir greiningarsjóð þar sem þeir nemendur sem þurfa greiningu vegna sértæka námsörðugleika eða athyglisbrests/ofvirkni geta sótt um styrk upp í kostnað við greiningu.

## Stúdentasjóður

### [student.is/studentasjodur](http://student.is/studentasjodur)

Hlutverk Stúdentasjóðs er að styðja við menningar- og félagslíf í deildum skólans og veitir í þeim tilgangi fjárstyrki til deildarfélaga, samtaka stúdenta og einstaka stúdenta.

## Vefur um styrki og sjóði

### [sjodir.hi.is](http://sjodir.hi.is)

Á vef styrktar- og rannsóknasjóða er að finna ítarlegar upplýsingar um styrki sem nemendum og starfsfólki Háskóla Íslands standa til boða. Einnig er þar bent á fleiri styrktarmöguleika sem bjóðast háskólanemum.



# Kennslualmanak

Háskólaárið skiptist í tvö kennslumisseri, haustmisseri og vormisseri. Nokkur munur er á tímasetningum kennslu og prófa hjá einstökum deildum. Stundaskrár eru á heimasíðum fræðasviða og deilda en nemendur geta einnig nálgast eigin stundatöflu í Uglunni.

Skipulag náms við Háskóla Íslands byggist á skráningu stúdenta í námskeið og próf. Hver stúdent ber ábyrgð á námi sínu. Stúdentar þurfa því að gæta vel að reglum um skráningu og auglýst skráningartímabil. Kynntu þér vel allar mikilvægar dagsetningar í kennslualmanakinu og reglur um skráningar í námskeið og próf.

## Haustmisseri 2019

15. ágúst–2. sept.	Kennsla haustmisseris hefst
10. sept.	Síðasti dagur til að endurskoða námskeiðaskráningu á haustmisseri 2019
26. sept.	Próftafla haustmisserisprófa birt
1. okt.	Síðasti dagur til úrskráningar úr námskeiðum/prófum á haustmisseri
15. okt.	Umsóknarfrestur um framhaldsnám sem hefst á vormisseri 2020 rennur út
15. okt.	Síðasti dagur til að sækja um sértæk úrræði í námi hjá Náms- og starfsráðgjöf
22.–29. nóv.	Kennslu haustmisseris lýkur
2.–16. des.	Haustmisserispróf
18.–19. des.	Sjúkrapróf (hjá öllum fræðasviðum nema Félagsvísindasviði og Verkfræði- og náttúruvísindasviði)
19. des.–4. jan.	Jólaþeyfi

## Vormisseri 2020

6.–7. jan.	Sjúkrapróf (hjá öllum fræðasviðum nema Félagsvísindasviði); sjúkrapróf og endurtökupróf hjá deildum Verkfræði- og náttúruvísindasviðs
6.–20. jan.	Kennsla vormisseris hefst
21. jan.	Síðasti dagur til að endurskoða námskeiðaskráningu á vormisseri 2020
30. jan.	Próftafla vormisserisprófa birt
1. feb.	Síðasti dagur til úskráningar úr námskeiðum/prófum á vormisseri
1. feb.	Umsóknarfrestur erlendra nemenda um grunn- og framhaldsnám rennur út
22. feb.	Brautskráning kandiðata
2. mars–3. apríl	Skráning í námskeið á haust- og vormisseri 2020–2021 (árleg skráning)
15. mars	Síðasti dagur til að sækja um sértæk úrræði í námi hjá Náms- og starfsráðgjöf
3.–21. apríl	Kennslu vormisseris lýkur
8.–14. apríl	Páskaleyfi
15. apríl	Umsóknarfrestur um framhaldsnám sem hefst á haustmisseri 2020 rennur út
24. apríl–8. maí	Vormisserispróf
15.–22. maí	Sjúkrapróf vegna vormisseris (hjá öllum fræðasviðum nema Félagsvísindasviði og Verkfræði- og náttúruvísindasviði)
15.–22. maí	Sjúkrapróf og endurtökupróf v/haustmisseris 2019 hjá Félagsvísindasviði
2.–8. júní	Sérstök endurtökupróf hjá Heilbrigðisvísindasviði, Hugvísindasviði og Menntavísindasviði
2.–8. júní	Sjúkrapróf og endurtökupróf v/vormisseris 2020 hjá Félagsvísindasviði og Verkfræði- og náttúruvísindasviði
5. júní	Umsóknarfrestur um grunnnám við HÍ rennur út
20. júní	Brautskráning kandiðata

# Námseiningar og prófgráður

Nám við Háskóla Íslands er metið í ECTS einingum. Hefðbundið ársnám er talið 60 einingar og almennt er miðað við að hver eining svari til 25–30 vinnustunda í námi.

Við háskólann er í boði nám til fjögurra háskólagráða. Fyrsta háskólagráðan kallast bakkalárpróf, þ.e. BA-, BS- eða B.Ed.-próf. Að baki þeirri gráðu er minnst þriggja ára nám en nokkrar námsleiðir eru lengri (fjögur ár). Háskólinn býður einnig upp á nokkrar styttri námsleiðir í grunnnámi til diplómaprófs (eitt til tvö ár).

Önnur háskólagráða er annaðhvort svokallað meistaraþróf, t.d. MA-, MS- eða M.Ed.-próf, eða kandidatsþróf, t.d. cand. med. Nám til annarrar

háskólagráðu er yfirleitt tveggja ára nám, en getur verið styttra en líka lengra (þrjú ár). Háskólinn býður einnig upp á styttri námsleiðir á þessu stigi til svokallaðra viðbótarþrófa á meistarastigi (hálf til eitt ár).

Þriðja háskólagráðan er doktorsþróf, t.d. Ph.D., Ed.D. eða dr.theol. Nám til doktorsþrófs að loknu meistaraþrófi tekur yfirleitt þrjú ár, en getur verið lengra (fjögur ár). Meistaránám og doktorsnám kallast einu nafni framhaldsnám.



# Skráning í námskeið og próf

---

## Endurskoðun námskeiðaskráninga

Skráning í námskeið er jafnframt skráning í próf og veitir aðgang að öllum gögnum námskeiðs. Því er mikilvægt að skráning sé alltaf rétt. Endurskoðun skráninga vegna haustmisseris fer fram í Uglu til 10. september. Á vormisseri er hægt að endurskoða námskeiðaskráningu til 21. janúar.

Ef einhver vandamál koma upp við endurskoðun skráningar í námskeið er best að hafa samband við Nemendaskrá, [nemskra@hi.is](mailto:nemskra@hi.is).

## Skráning úr námskeiði / prófi

Frestur til þess að skrá sig úr námskeiði rennur út þann 1. október að hausti en 1. febrúar að vori. Skráning úr námskeiði er einnig skráning úr prófi. Úrskráning fer rafrænt fram í Uglu eða skriflega í tölvupósti til Nemendaskrár, [nemskra@hi.is](mailto:nemskra@hi.is).

## Próf

Almenn próf eru haldin 2. til 16. desember og 24. apríl til 8. maí.

## Veikindi í prófum

Stúdent sem veikist og getur ekki mætt til prófs þarf ekki að tilkynna veikindi heldur ber að skila læknisvottorði til Þjónustuborðsins á Háskólatorgi innan þriggja daga frá prófdegi. Hið sama gildir ef barn stúdents veikist.

## Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar um próf, skráningu úr prófum, sjúkrapróf, endurtöku prófa og fleira er að finna í kennsluskrá, Uglu og á deildarskrifstofum.


# Byggingar Háskóla Íslands

---

Starfsemi Háskóla Íslands fer víða fram og byggingar skólans eru um þrjátíu talsins. Í stundatöflum og víðar koma fram skammstafanir sem merkja mismunandi byggingar og á hi.is er skýring á algengustu skammstöfunum. Fáein dæmi um skammstafanir eru A (Aðalbygging), E (Eirberg), HB (Háskólabíó), HT (Háskólatorg), H (Hamar), L (Lögberg), N (Askja, náttúrufræðahús) og T (Tæknigarður).

<b>1</b> Aðalbygging	<b>12</b> Aragata 9	<b>23</b> Oddagarðar
<b>2</b> Stapi	<b>13</b> Aragata 14	<b>24</b> Neshagi 16
<b>3</b> Háskólatorg	<b>14</b> VR-III	<b>25</b> Hagi
<b>4</b> Lögberg	<b>15</b> VR-I	<b>26</b> Læknagarður
<b>5</b> Nýi-Garður	<b>16</b> VR-II	<b>27</b> Eirberg
<b>6</b> Oddi	<b>17</b> Tæknigarður	<b>28</b> Stakkahlíð
<b>7</b> Gimli	<b>18</b> Smyrilsvegur	<b>29</b> Bolholt 6
<b>8</b> Árnagarður	<b>19</b> Endurmenntun	<b>30</b> Skipholt 37
<b>9</b> Íþróttahús	<b>20</b> Raunvísindastofnun	<b>31</b> Setberg
<b>10</b> Askja	<b>21</b> Háskólabíó	
<b>11</b> Sturlugata 8	<b>22</b> Veröld – hús Vigdísar	





annlæknadeld

**ADALBYGGING**

Háskólinn  
 • Gullfræð- og  
 vortáknfræðileið  
 • Kenni- og menningarleið  
 • Vísni- og menningarleið  
 • Lagfræði- og heilbrigðisleið

**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
 UNDIRSTAÐA ATVINNULÍFS OG FRAMFARA

11:00 - 12:00  
 12:00 - 13:00  
 13:00 - 15:00  
 15:00 - 17:00

Stjórnun & nám  
 Háskólinn íslandi  
 Háskólinn íslandi

HÁSKÓLAGAÐAÐIRN 2. MARS 2019

HÁSKÓLATORN	HÁSKÓLEIÐ	ADALBYGGING
11:00 - 12:00	12:00 - 13:00	13:00 - 15:00
15:00 - 17:00	17:00 - 18:00	18:00 - 19:00



**NÁMSLEIÐIR**  
 2018-2020

**NÁMSLEIÐIR**  
 2017-2020

**YSINGAR**

# Hafðu samband

## Helstu upplýsingar

Háskóli Íslands

[hi.is](http://hi.is)

Sæmundargötu 2

Sími: 525 4000 – Fax: 552 1331

[hi@hi.is](mailto:hi@hi.is)

Þjónustuborð Háskólartorgi

[hi.is/nam/thjonustubord](http://hi.is/nam/thjonustubord)

Sími: 525 5800 – Fax: 525 5802

[haskolatorg@hi.is](mailto:haskolatorg@hi.is)

Náms- og starfsráðgjöf

[nshi.hi.is](http://nshi.hi.is)

Háskólartorgi, 3. hæð

Sími: 525 4315

[radgjof@hi.is](mailto:radgjof@hi.is)

Þjónustuborð í Gimli

[hi.is/felagsvisindasvid/thjonustubord\\_i\\_gimli](http://hi.is/felagsvisindasvid/thjonustubord_i_gimli)

Gimli v/Sæmundargötu, 1. hæð

Sími: 525 5870

[gimli.info@hi.is](mailto:gimli.info@hi.is)

Skrifstofa alþjóðasamskipta

[hi.is/skrifstofa\\_althjodasamskipta](http://hi.is/skrifstofa_althjodasamskipta)

Háskólartorgi

Sími: 525 4311

[ask@hi.is](mailto:ask@hi.is)

Stúdentaráð

[student.is](http://student.is)

Háskólartorgi, 3. hæð

Sími: 570 0850

[shi@hi.is](mailto:shi@hi.is)

Nemendaskrá

[hi.is/nam/nemendaskra](http://hi.is/nam/nemendaskra)

Háskólartorgi, 3. hæð

Sími: 525 4309 – Fax: 525 4317

[nemskra@hi.is](mailto:nemskra@hi.is)

Nemendapjónusta Verkfræði-

og náttúruvísindasviðs

[hi.is/verkfraedi\\_og\\_natturuvisindasvid/](http://hi.is/verkfraedi_og_natturuvisindasvid/)

[nemendathjonusta\\_von](http://nemendathjonusta_von)

Tæknigarði, Dunhaga 5

Sími: 525 4466

[nemvon@hi.is](mailto:nemvon@hi.is)

Félagsstofnun stúdenta

[fs.is](http://fs.is)

Háskólartorgi, 3. hæð

Sími: 5700 700 – Fax: 5700 709

[fs@fs.is](mailto:fs@fs.is)

Bóksala stúdenta

[boksala.is](http://boksala.is)

Háskólartorgi

Sími: 5700 777 – Fax: 5700 778

[boksala@boksala.is](mailto:boksala@boksala.is)

Tölvu- og netþjónusta UTS

[uts.hi.is](http://uts.hi.is)

Háskólartorgi og Stakkahlíð

Sími: 525 4222

[help@hi.is](mailto:help@hi.is)

Þjónustuborð

Menntavísindasviðs

[hi.is/menntavisindasvid/kennsluskrifstofa](http://hi.is/menntavisindasvid/kennsluskrifstofa)

Stakkahlíð, 1. hæð

Sími: 525 5950

[menntavisindasvid@hi.is](mailto:menntavisindasvid@hi.is)

Reykjavík, ágúst 2019

Útgefandi: Markaðs- og samskiptasvið

Háskóla Íslands

Ljósmyndir: Kristinn Ingvarsson

Umbrot: Katla

Prentun: Litróf



# HÁSKÓLI ÍSLANDS

Sæmundargötu 2  
101 Reykjavík

Sími 525 4000  
Fax 525 1331

[hi@hi.is](mailto:hi@hi.is)  
[hi.is](http://hi.is)

